

Kirkjuþing 2019
16. mál – Þskj. 16

TILLAGA

til þingsályktunar um að þjóðkirkjan sækji um fulla aðild að
samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

Kirkjuþing 2019 samþykkir að beina því til biskups Íslands að sækja, f.h. þjóðkirkjunnar, um fulla aðild að samtökum evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE.

Greinargerð.

Samtök evangelískra kirkna í Evrópu urðu til árið 1973 út af þeirri brýnu þörf kirknanna að styrkja samvinnu og samstarf sem byggir á gagnkvæmri virðingu og gagnkvæmum skilningi þrátt fyrir að hluta til séu ólíkar skoðanir og starfsaðferðir. Markmiðið er eining í fjölbreytileikanum. Það byggir á því að Kristur sagði ekki að við ættum að vera eins, heldur að við ættum að vera eitt í honum.

Tillaga um aukið samstarf þjóðkirkjunnar og samtaka evangelískra kirkna í Evrópu var áður á dagskrá kirkjuþings 2017. Í aðdraganda þess var haldið málþing í Skálholti í ágústmánuði 2017 undir yfirskriftinni *Kirkjan í kviku samfélagsins* og fjallaði það að verulegu leyti um kirkjuskilninginn, þar sem aðalritari Samtaka evangelískra kirkna í Evrópu, Dr. Michael Bünker, biskup lútersku kirkjunnar í Austurríki, flutti inngangserindi um samtökin og varpaði upp spurningunni um það hvort ekki væri æskilegt að þjóðkirkjan tæki þátt í starfi samtakanna með fullri aðild. Í kjölfar kirkjuþings 2017 fjallaði ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni (kenningarnefnd) um málið og skipaði biskup þriggja manna nefnd til að þýða Leuenberg konkordíuna og fylgja málinu eftir á prestastefnu 2018. Í nefndinni störfuðu dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor sem formaður, Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup em. og dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur. Prestastefna 2018 samþykkti með öllum greiddum atkvæðum að þjóðkirkjan skyldi sækja um fulla aðild að samtökunum.

Samtökin eiga sér þá forsögu að lengi framan af var lítið sem ekkert samstarf milli þeirra kirkna sem siðbótarhreyfing sextándu aldar fæddi af sér, og siðbótarmennirnir Lúther, Kalvín og Zwingli leiddu af stað. Það var ekki fyrr en árið 1973 sem gengið var frá samkomulagi um gagnkvæman skilning og fulla þátttöku safnaðarfólks í starfi hinna sjálfstæðu kirkna. Þetta samkomulag er kennt við Leuenberg í Sviss og byggir á

guðfræðilegu og kirkjufræðilegu skjali sem gengur undir nafninu Leuenberg konkordían.

Þjóðkirkjunni var boðin aðild að samtökunum árið 1993 en hafnaði því á þeirri forsendu að hér á landi væri engin önnur evangelísk kirkja en sú evangelísk lúterska og því yrði ekki um neitt samstarf að ræða. Á þessum tíma voru kirkjurnar á öðrum Norðurlöndum heldur ekki þátttakendur, og áherslan bæði þar og hér hvíldi meira á sambandi kirknanna á Norðurlöndum við kirkjurnar á Bretlandseyjum og í baltísku löndunum sem kennt er við Porvoo.

Nú hafa norska kirkjan og danska þjóðkirkjan fulla aðild að Samtökum evangelískra kirkna í Evrópu og nú eru einnig aðrir tímar hér á landi eins og í heiminum öllum. Augljóst er að aukið samstarf kirkna á sama grunni styrkir stöðu þeirra í samtalinu við aðrar kristnar kirkjudeildir, sem svo aftur styrkir stöðu kristninnar í nauðsynlegu samtali við önnur trúarbrögð í heiminum til þess að efla frið á jörðu.